

Sviptingar á fjármálamarkaði og framtíðarsýn

Sigurjón Þ. Árnason,
bankastjóri Landsbankans

Umbreytingartímar

- Við lifum á tímum umbreytinga sem rista djúpt.
- Að hluta má rekja þessar umbreytingar til okkar eigin ákvarðana, en að hluta fylgjum við straumi tímans og alþjóðlegri þróun.
- Verkefni dagsins sem og framtíðarinnar er að takast á við afleiðingar þessara umbreytinga.

Umbreytingar hér heima

- Skoðum fyrst breytingar hér heima sem móta framtíðina.
 - Kvótakerfið. Ákvörðun um að innleiða kvótakerfið fyrir c.a. 20 árum skapaði forsendur fyrir sterkum sjávarútvegi í dag. Með þessum breytingum sköpuðust forsendur fyrir því að hagstjórnin gæti tekist á við heildarmyndina en ekki einungis “vanda sjávarútvegsins”. Með þessum hætti varð rekstrarvandi sjávarútvegs að “mikro” viðfangsefni í stað þess að vera “makro” mál. Sterk fyrirtæki í sjávarútvegi eru því forsenda árangursríkrar hagstjórnar.

Umbreytingar... frh

- Inngangan í EES. Ákvörðun um að taka þátt því samræmingarferli sem nú á sér stað innan ESB er okkar aðgöngumiði að umbreytingarferlinu í Evrópu. Þetta tryggir samræmt laga- og samkeppnisumhverfi fyrir íslenskt atvinnulíf.
- Afnám hafta á fjármagnsmarkaði og uppbygging nútímalegs fjármálamarkaðar.
- Einkavæðingarferlið.

Umbreytingar... frh.

- Þessi listi er á engan hátt tæmandi.
- Breytingar á umgjörð peningastefnunnar og aðlögun í skattamálum mætti einnig nefna sem dæmi um umbreytingar sem lagað hafa íslenskt efnahags- og fyrirtækjaumhverfi að alþjóðlegum aðstæðum.

Alþjóðlegar umbreytingar

- Umbreytingar á alþjóðavísu
 - Fall kommúnismans. Nú eru bráðum 15 árum síðan veldi kommúnismans liðaðist í sundur. Þar með hófst eitt mesta landnám markaðsaflanna í langan tíma. Þessi uppbygging er rétt að byrja.
 - Almenn þróun í átt til aukins frelsis á vettvangi viðskipta og afnám hafta.
 - IT byltingin. Ný fjarskiptatækni og internetið hafa þegar haft mikil áhrif en þau eiga sennilega eftir að verða enn meiri. Aðlögum markaðsaflanna að tækninni er ekki lokið.

Alþjóðlegar umbreytingarfrh

- Umbreytingar á alþjóðavísu
 - Alþjóðavæðingin er í raun ekkert annað en samheiti yfir allar þessar breytingar sem felst í því að markaðshagkerfið er stöðugt að færast yfir á ný svið í landafræðilegum, tæknilegum og hagfræðilegum skilningi.

Umbreytingar móta framtíðarsýn og leiða til útrásar

- Þessar umbreytingar hafa mótað og eru enn að móta það samfélag sem við lifum í og einnig þá framtíðarsýn sem flestir hafa.
- Fyrir viðskiptalífið þýðir þetta samræmingu á samkeppnisskilyrðum á alþjóðavísu og möguleika fyrir íslensk fyrirtæki að keppa á jafnréttisgrundvelli.
- Svar fyrirtækjanna við þessari þróun er því m.a. að sækja á ný mið með útrás á nýja markaði.
- Einstaklingar krefjast þess að dregið verði úr séríslenskum aðstæðum og þeir njóti “kjara” til samræmis við það sem þekkist erlendis.

Útrás íslenskra fyrirtækja.....

- Ýmis dæmi mætti nefna í þessu sambandi t.d.
 - Pharmaco
 - Baugur
 - Bakkavör
 - Össur
- Það “erlenda” fjármagn sem streymt hefur inn í íslensk fyrirtæki orðið til fyrir tilstilli Íslendinga sjálfra, í krafti þess frelsis sem umgjörðin hefur skapað.
- Þessari þróun hefur verið gefið nafnið útrás en hún er í raun fyrst og fremst afleiðing af þeim straumum og stefnum sem fjallað var um hér að framan.
- Styrk þátttaka innlends fjármáلامarkaðar og vilji fjármálafyrirtækjanna til að styðja við þessa umbreytingaþróun hefur skipt miklu máli.

Útrásfrh

- Ástæður útrásar almennt
 - Íslenskur markaður er agnarsmár og fyrirtæki í vexti finna fljótt fyrir smæð heimamarkaðar. Mikilvægt að undirstrika að “absolut” stærðir skipta máli varðandi einingarkostnað og stærðarhagkvæmni.
 - Sérstakar takmarkanir eiga við, t.d. í sjávarútvegi (kvótakerfið).
 - Ríkið hefur verið umfagsmikið og takmarkað vaxtarmöguleika einkageirans.

Útrásfrh

- Reynslan af útrásarverkefnum er vissulega misjöfn en í mörgum tilfellum hefur árangur verið mikill.
- Það er áberandi hversu víðtæk útrásin hefur verið því íslensk fyrirtæki í nánast flestum greinum hafa reynt fyrir sér á erlendri grund.
- Það er erfitt að draga sterkar ályktanir varðandi reynslu af útrásarverkefnum. Þannig er ekki augljóst að okkur hafi gengið best í þeim greinum þar sem við eigum að hafa hlutfallslega yfir burði, s.s. í sjávarútvegi.
- Getur verið að þau verkefni hafi gengið best þar sem sterkt samband og jafnvel skammtíma eignatengsl hafa verið á milli fjármálafyrirtækja og útrásarfyrirtækjanna

Útrásfrh

- Árangur í útrás virðist fyrst og fremst ráðast af undirbúningi einstakra verkefna, stjórnun og að töluverðu leyti af þeim sérstöku aðstæðum sem koma upp á hverjum stað.
- Stuðningur innlendra fjármálafyrirtækja og innlends fjármálamarkaðar almennt hefur hins vegar klárlega skipt miklu.

Bankar hafa einnig farið í útrás

- Af hverju leita bankar út?
 - Takmarkaðir vaxtarmöguleikar hér innanlands, tækifæri framtíðar eru erlendis þar er vöxtur meiri en hér heima.
 - Fylgja viðskipavinum út, einstaklingum eða fyrirtækjum.
 - Nýta sér sérþekkingu sem má markaðssetja erlendis t.d. í sjávarútvegi.

—————→

- Erlendir markaðir gefa einfaldlega oft betur vegna gríðarlegrar samkeppni á innanlandsmarkaði.

Miklar breytingar hafa orðið í bankakerfinu

- Sú áhersla sem lögð hefur verið á að endurskipuleggja bankakerfið hér á landi er mjög sambærileg þróun og í flestum okkar nágrannalöndum.
- Eins og oft áður höfum við þó verið heldur seint á ferðinni og staðið í breytingum eftir að nágrannalöndin hafa klárað sín mál.
- Mikið umfang ríkisins á fjármálamarkaði hefur tafið þessa þróun, en auk þess voru aðstæður á fjármálamarkaði óhagstæðar undir það síðasta.

Miklar breytingar hafa orðið í bankakerfinu... frh.

- Sú uppbygging sem við sjáum í dag á íslenska bankakerfinu eftir einkavæðinguna er nánast alveg eins og væntingar stóðu til.
 - Bankarnir eru reknir sem einkafyrirtæki með arðsemissjónarmið að leiðarljósi.
 - Starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka getur farið saman og þarf ekki að leiða til hagsmunaárekstra innan bankans.
 - Erlendir bankar hafa þó ekki komið inn á íslenska markaðinn með beinum hætti eins og reiknað var með, en töluvert “erlent” fjármagn hefur þó komið inn.

Framvindan á síðustu misserum...

- Það sem hefur gerst nú upp á síðkastið er að athyglin hefur beinst sérstaklega að því hvort viðskiptabanka-og fjárfestingarbankahlutverkið stangast á hvort við annað.
 - Er ástæða til þess að aðskilja þessa tvo þætti? Það væri sérkennileg niðurstaða nú þegar svo mikil vinna hefur verið lögð í að innlima gömlu fjárfestingarlánasjóðina og verðbréfafyrirtæki inn í bankakerfið.
 - En vissulega setur þessi skipan ákveðnar skorður á starfsemi bankanna, bæði inn á við og út á við.

Bankar og umbreytingar

- Það verður breytilegt frá einum tíma til annars hvernig skiptingin verður milli viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi. Umbreytingatímabil kalla á meiri umsvif hins síðarnefnda. En hvað þarf til að þetta gangi upp?
 - Hinn lagalegi rammi er tiltölulega þröngur og eftirlitsaðilum er ætlað stórt hlutverk. Bankarnir verða dæmdir af gerðum sínum og ef þeir ætla að standa sig í samkeppninni verða þeir að skila árangri á skömmum tíma í fjárfestinga- og umbreytingarverkefnum.
 - Aðskilnaður á innri starfsemi bankans (Kínamúrar) verða að halda. Þeir gera það í dag og ekki málefnaleg rök til að halda öðru fram. Hér reynir á faglegheit innan bankanna og styrk eftirlitsstofnana.

Bankar og umbreytingar... frh.

- Það er í raun ekki öðrum aðilum til að dreifa við núverandi aðstæður en bönkunum til að leiða umbreytingarverkefni hér á landi
- Hið opinbera er augljóslega ekki hentugur aðili, enda hefur skipulega verið unnið að því að draga úr opinberum áhrifum í atvinnulífinu. Jafnframt er tæplega hægt að ætlast til þess af lífeyrissjóðunum að vera í forsvari fyrir umbreytingar af þessu tagi.
- Erlendis eru það oft sérstakir sjóðir (e. private equity fund) sem taka þetta hlutverk að sér. Þeir eru ekki til staðar hér á landi/eða of veikburða enn sem komið er, hvað sem síðar verður.
- Þessir sjóðir eru þó að myndast sbr. Straumur, og hugsanlega Burðarás og Meiður.

Bankarnir eru að sinna sínu hlutverki

- En það er eðlilegt að þegar umbreytingar verða með skjótum hætti að einhverjum bregði í brún og sumum finnist of geyst farið af stað.
- Þegar hlutirnir eru skoðaðir í samhengi kemur hins vegar í ljós að sem nú er að gerast í íslensku viðskiptalífi er bæði eðlileg afleiðing af stefnu okkar Íslendinga við uppbyggingu á okkar þjóðfélagi og í fullu samræmi við alþjóðlega þróun.
- Bönkunum hefur einfaldlega fallið það hlutverk í skaut að leiða þessa þróun og það er ákaflega mikilvægt að þeim takist að leiða það til lykta á farsælan hátt.
- Nýtt fjármagn og skarpari skil í atvinnulífinu eru einmitt forsenda þess að okkur takist að svara kalli tímans og búa atvinnulífið undir alþjóðlega samkeppni á öllum sviðum.